

Um upplýsingasögur (undirbúningssögur) í Fjölmennt

Upplýsingasögur eru notaðar til að **undirbúa** og **leiðbeina** fólki í ýmsum aðstæðum. Þetta eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum og því sem til stendur á **jákvæðan** hátt. Hrós getur verið mikilvægt í undirbúningssögum – styður við jákvæða sjálfsmynd. Mikilvægt að allir sem koma í Fjölmennt fái undirbúning sem þeir skilja og fyrir einhverft fólk er undirbúningssaga **nauðsynleg**.

Þær eru:

1. Skrifaðar í fyrstu persónu. Ekki þó algilt.
2. Þær eru skrifaðar með orðalagi sem viðkomandi skilur.
3. Lengd texta fer eftir skilningi þess sem sagan er gerð fyrir. Oft mjög stuttur texti fyrir fólk sem kemur á Vínlandsleið 14.
4. Alltaf þarf að bera sögu undir þann sem þekkir vel viðkomandi, áður en hún er frágengin. Það er vegna orðalags sem notað er og hversu langur texti á að vera. Einnig gætu einhver hugtök kallað fram neikvæð viðbrögð s.s. hugtakið skóli getur haft neikvæða merkingu hjá einum en hins vegar alltaf notað um Fjölmennt hjá öðrum.
5. Notaðar eru myndir með textanum til frekari útskýringar. Getur þurft þó viðkomandi sé læs. Þarf ekki alltaf.
6. Heiti sögu þarf að vera lýsandi fyrir það sem verið er að útskýra.
7. Í sögunni er útskýrt hvernig á að gera en **ekki** hvernig á ekki að gera. Sleppa að nota ekki og nei í sögunni.
8. Setningar eru á eftirfarandi hátt: Lýsandi, leiðbeinandi, jákvæðar og fela stundum í sér viðhorf annarra eða upplýsingar um hvernig annað fólk hugsar, hvað það veit og um tilfinningar þess.
9. Í byrjun sögu er oft eitthvað almennt um það sem til stendur og síðan gott að lýsa ferlinu, oft í 1. persónu t. d. á hvaða dögum viðkomandi kemur í Fjölmennt, hvernig hann kemur, um það ef hann þarf að bíða, hver kennarinn er, stofan sem hann verður í, tákn fyrir námskeiðið o. s. frv. Nefna eitthvað jákvætt inn á milli.
10. Sögurnar hjá Fjölmennt geta bæði verið um það að koma í Fjölmennt en einnig um ákveðna þætti sem kemur í ljós að þarf að útskýra sérstaklega.
11. Sagan er send heim til viðkomandi og hvatt til þess að hún sé lesin þar. Söguna þarf að kynna áður en atburður hefst, nokkrum dögum fyrr og svo aftur rétt áður en atburður á sér stað. Þetta er þó einstaklingsbundið.

(Byggt að mestu á bókinni Félagsþæfnisögur eftir Bryndísi Sumarliðadóttur, gefin út af Einhverfusamtökunum 2004.

Fjölmennt, desember 2012, Jarprúður Þórhallsdóttir).